


Safnaðarbréf

á jólaföstu 2010



Jólin nálgast og sá hátíðleiki sem þeim fylgir. Myndin var tekin á jólastund barnstarfs Lágafellskirkju í fyrra.

Elisabet Tinna Haraldsdóttir tendrar aðventuljós.

*Áfram unnið að undirbúningi
nýrrar kirkju – bls. 3*

*Aðventuhátíð Lágafellskirkju
– bls. 6*

*Skreytingar í kirkjugörðunum
bls. 3*

*Syngja með öllum líkamanum
– bls. 4*



Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

**Við erum góð
hvert við annað,
við höldum jól.**

Hugvekja

Á aðventunni, þegar dagarnir eru stystir og myrkrið ræður ríkjum hér á norðurhvara, erum við kölluð inn í birtuna, kölluð og boðin velkomin að jötu frelsarans, Jesúbarnsins sem liggur þar, og birtan sem frá því stafar lýsir okkur.

Aðventan er gengin í garð. Jólin eru í nánd.

Þessi orð eru vissum töfrum hlaðin og vekja margs konar viðbrögð í huga okkar og lífi. Börnin fyllast eftirvæntingu og andlit þeirra ljóma. Fullorðna fólkið fylgist með og gleðst, leitar í huganum í sjóð minninganna og fer á fullt í undirbúningi og alls konar sýslan sem lýtur að hátíðarhaldi jólanna. Fyrir suma á allt að gerast á þessum tíma, það á vera skemmtilegt og gott og gleðilegt. Jólin sjálf eru fjölskylduhátíð, við erum með þeim sem okkur þykir vænt um, höfum það gott, förum til aftansöngs í kirkjunni okkar, borðum góðan mat, tökum upp gjafir og erum góð hvert við annað, í sannkallaðri hátíðarstemmningu; við höldum jól.

Óskir vonir og væntingar magnast á aðventunni, þegar jólin nálgast; væntingar um að hlutirnir verði fullkomnir, mér/okkur á að líða vel, jólin eiga að vera eins og „hjá mömmu og pabba“ forðum – eða ekki eins og þau voru forðum heldur betri. Undirbúningurinn á hinu ytra borði umhverfis okkar miðast allur að þessu marki og er drifinn áfram af hvata sem á sér ekki neinn líka á öðrum tímum ársins.

Á aðventunni, þegar dagarnir eru stystir og myrkrið ræður ríkjum hér á norðurhvara erum við kölluð inn í birtuna, kölluð og boðin velkomin að jötu frelsarans, Jesúbarnsins sem liggur þar, og birtan sem frá því stafar lýsir okkur. Okkur eru boðuð þau undursamlegu tíðindi að barn sé fætt, að kærleikurinn er í heiminn kominn, er innra með þér og mér. – Já, myrkrið er vissulega til staðar í veröldinni og í lífi manna – en við erum kölluð og okkur boðið að taka á móti ljósinu og varðveita það í hjarta okkar. Allt sem við tökum okkur fyrir hendur í undirbúningi á aðventunni fjallar um þetta: að taka skref fyrir skref á móti, að treysta, að opna hjörtu okkar og gleðjast yfir því að ljósið, birtan sem lýsir af Jesú, af sjálfum jólnum, fæðingarhátíð frelsarans, er innra með okkur og er aflið sem leiðir okkur í gegnum allt myrkur, í veröldinni og í sálu okkar og sigrar allt, þessa og alla daga. Þessi boðskapur snertir okkur öll, alla heimsbyggðina. Við finnum sárar fyrir neyð náunga okkar og neyð okkar sjálfra á þessum tíma. Hún birtist okkur stundum að óvörum, eins og truflun eða óboðinn gestur í jólaboðið. En vörpum henni ekki frá okkur, bjóðum erfiðum minningum, mótsagnakenndum tilfinningum, depurð, kvíða og angist einnig inn í birtu og hlýju hátíðanna og umvefjum þau kærleikanum og öllu því góða sem boðskapur jólanna færir okkur. Hafðu í huga þann fjölbreytileika lífsins sem birtist í frásögninni um fæðingu frelsarans í Betlehem forðum

og myndina sem hún vekur:

til hans komu bæði tötrum klæddir og allslausir fjárhirðar sem fyrstir allra fengu að heyra boðskap englanna og skartklæddir vitringar færandi honum gjafir af gnægtum sínum.

Guð kallar til okkar – hann kemur til okkar í mynd barnsins.

Barns sem umvafið er hlýju og kærleika foreldra – barns sem hafði einstæðu hlutverki að gegna í veröldinni: í því kemur Guð í heiminn og býður okkur hverju og einu að eiga samfylgd á vegi lífsins.

Á þeim vegi er hin sanna gleði fólgin í því að láta gott af sér leiða í þjónustu okkar við náungann. Fögnum kalli Guðs og höldum helga jólahátíð.

Guð gefi okkur öllum góðan tíma á aðventunni.

Gleðileg jól!

Ragnheiður Jónsdóttir
Sóknarprestur Lágafellssókna

Skreytingar í gördunum

Helgina 27.–28. nóv. verða settir upp ljósakrossar á leiði í kirkjugörðum Lágafellssóknar. Þeir sem vilja nýta sér þessa þjónustu mega hafa samband í síma 892-1133 eða 896-7472. Sendir hafa verið út GIRO seðlar til þeirra sem verið hafa með lýsingu undanfarin ár. Nýir njótendur geta haft samband í síma 892 1133 eða í netfangið inqi@rafthjonusta.is.



Áfram er unnið að undirbúningi nýrrar kirkjubyggingar í Mosfellsbæ

Lágafellssókn hefur alla tíð haft það að leiðarljósi að ekki verið farið í framkvæmdir fyrr en tryggt verði að fjármagn til framkvæmda liggja fyrir.

Kirkjuráð hinnar íslensku þjóðkirkju hefur á hendi umsjá Jöfnunarsjóðs sókna og ber á honum ábyrgð.

Hlutverk Jöfnunarsjóðs er m.a. það að veita styrki til nýbygginga kirkna. Eftir sem áður getur engin kirkjusókn ráðist í framkvæmdir við nýbyggingu án

þess að kirkjuráð samþykki fyrir sitt leyti þá kostnaðarætlun sem lagt er upp með í framkvæmdum.

Í ljósi þess fjármálaástands sem nú ríkir í landinu er ljóst að frestur verður á framkvæmdum við byggingu nýrrar kirkju um sinn, en áfram verður unnið að undirbúningi eftir föngum.

Fyrir hönd Lágafellssóknar

Hilmar Sigurðsson formaður.

Enn dregst að við fáum nýtt kirkjuhús

Eins og kunnugt er eru báðar kirkjur sóknarinnar litlar miðað við stærð safnaðarins, sem um þessar mundir telst vera um 8.700 manns. Kirkjan að Lágafelli rúmar 160-180 manns í sæti og er þá miðað við að einnig sé setið á lausum stólum, en á

Mosfelli eru 108 sæti í kirkjunni.

Efnt var til hugmyndasamkeppni um nýja kirkjubyggingu í samvinnu við bæjarfélagið en fyrirhugað er að reisa sameiginlegt menningarhús bæjarfélagsins og kirkjunnar. Hlutskörpust var tillaga frá arkitektur.is og

var hún ásamt öðrum tillögum kynnt innan bæjarfélagsins, svo og í Safnaðarbréfi haustið 2009.

Eins og fram kemur í tilkynningu frá formanni sóknarnefndar hér að ofan verður enn um sinn frestun á byggingu nýrrar kirkju en undirbúningi haldið áfram.

Heimsókn frá Úganda

Í byrjun október komu Stephen Ssenkima og Charity Namara frá Úganda og heimsóttu söfnuðinn. Stephen og Charity voru á Íslandi á vegum Hjálparstarfs Kirkjunnar og heimsóttu þau meðal annars fermingarborn um allt land í tengslum við söfnun



þeirra fyrir vatnsbrunnum í Afríku. Stephen er framkvæmdastjóri RACOBAS-samtakanna sem eru samstarfsaðilar Hjálparstarfsins í Úganda og Charity er háskólastúdent sem hefur notið stuðnings og aðstoðar samtakanna. Í guðsþjónustu 3. október sögðu þau kirkjugestum frá erfiðu lífi sínu í Úganda en þau misstu bæði foreldra sína ung. Charity segist sjálf vera lifandi dæmi um árangurinn af hjálparstarfinu, því án þess stuðnings og þeirrar fræðslu sem hún hefur fengið væri hún bara ein af stórum systkinahópi með enga menntun og erfið lífsskilyrði. Söfnuðurinn bauð þeim Stephen og Charity til hádegisverðar í safnaðarheimillinu nokkrum dögum seinna þar sem starfsfólk og prestar safnaðarins áttu ánægjulega samveru og ræddu við þau um starf þeirra. Að þeirri máltíð lokinni fóru Stephen og Charity í heimsókn til eldri borgara á Eirhömrum ásamt sr. Ragnheiði sóknarpresti, tóku þátt í helgistund og sungu og dönsuðu af innlifun fyrir heimilismenn. Heimsóknin var mjög áhrifarík og hefur án efa stuðlað að góðu gengi fermingarbarna í söfnun þeirra fyrir vatnsbrunnum.

Mynd frá vinstri: Sr. Skírnir Garðarsson, Stephen Ssenkima, Arnhildur Valgarðsdóttir, Charity Namara, sr. Ragnheiður Jónsdóttir, Sigríður Pétursdóttir, Hreiðar Örn Zoëga Stefánsson.



Hluti af Barnakór yngri deilda á æfingu ásamt Berglindi og Arnhildi.

Syngja með öllum líkamanum

Barnakór yngri deilda í Mosfellsbæ, stundum líka kallaður Barnakór Lágafellssóknar, var stofnaður í nóvember 2007 í samvinnu við Jónas Þóri organista. Þá komu börnin saman til að syngja jólalög og því var kórinn upprunalega kallaður Jólakórinn. Það var mikill áhugi og stór og myndarlegur hópur sem söng jólalög í Lágafellskirkju. Gleðin skein úr hverju andliti. Söngáhuginn var fyrir hendi hjá börnunum svo ákveðið var að halda verkefninu áfram, enda er Mosfellsbær þekktur fyrir líflegt og öflugt kórastarf og eru börnin engir eftirbátar þar. Rekstur kórsins er samvinnuverkefni bæjarfélagsins og Lágafellssóknar.

Stjórnandi kórsins frá upphafi er Berglind Björgúlfadóttir. „Markmiðið er að hafa kóræfingarnar fjölbreyttar og skemmtilegar,“ segir hún. „Börnin læra í leik. Þau yngri læra lögin oft með skapandi hreyfingu og danssporunum. Þau læra söngvana, má segja, með öllum líkamanum. Þau skapa oft sitt eigið tákni til að túlka textana og þá er auðvelt að muna mörg erindi í hverju lagi. Ég lærði ORFF tónlistarkennslu í Bandaríkjunum. Námið er byggt á kenningum Carls Orff og þar er lögð rík áhersla á að tengja saman tónlist, dans og leikræna tjáningu, sem er manningum eðlislægt.

Viðfangsefni barnakórsins er bæði

tónlist kirkjunnar og veraldleg lög, íslensk og erlend. Þegar unnið er með ungum börnum og leggja á grunn að því að syngja raddað er gott að kenna þeim keðjusöngva. Það er upphafið að því að syngja í röddum. Einnig eru svokölluð þrástef (síundurtekinn lagstúfur sem ítrekar grunnhljóma aðal laglínunnar), það einfaldasta í fjölröddun. Það ráða þau líka við.

Eldri börnin hafa farið í æfingabúðir á Sólheima í Grímsnesi síðast liðin tvö haust. Þá hefur verið sungið í messu í Sólheimakirkju og á vinnustofum heimafólks. Það hafa verið mjög dýrmætar stundir sem við höfum átt á Sólheimum. Einnig hefur kórinn farið á hverju vori í Kaldársel. Og alltaf hafa foreldrar verið boðnir og búnir að hjálpa, þeir sem áttu heimangengt gistu á Sólheimum og hjálpuðu til við matargerð. Og í Kaldárseli hafa foreldrar eldað og hjálpað okkur að halda utan um hópinn. Svo höfum við í tengslum við kærleiksviku í Mosfellsbæ staðið fyrir sundsöng í Lágafellslaug. Hist í sundi og sungið saman. Jónas Þórir var sá eini sem var ekki ofan í lauginni, heldur uppi á bakkanum við hljómborðið. Hann er nú í fríi. Á meðan er Arnhildur Valgarðsdóttir sest við hljóðfærið og styður vel við kórstarfið.“

Kirkjukrakkar í grunnskólum Mosfellsbæjar

Í tilefni af umræðu í íslensku samfélagi um trúboð í grunnskólum landsins er við hæfi að kynna með hvaða hætti samstarfi kirkju og skóla er háttað í Mosfellsbæ. Í allnokkur ár hefur starfsfólk frá Lágafellskirkju komið inni tvo eldri grunnskóla Mosfellsbæjar, Lágafells- og Varmárskóla með kirkjustarf. Þetta starf er kallað

„Kirkjukrakkar“ og er í náinni samvinnu við frístundasel skólanna og er í raun hluti af því starfi sem stendur börnum til boða þar. Nú í haust var starfið kynnt og boðið í nýjasta skóla bæjarfélagsins, Krikaskóla, en ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um hvort skólinn þiggi það boð.

Kirkjukrakkar eru ætlaðir börnum í 1. og 2. bekk og hugsaðir sem nokkurs konar framhald af sunnudagaskólanum í Lágafellskirkju. Til að börnin geti tekið þátt þarf skriflegt leyfi frá foreldrum. Þjóðkirkjan hefur á síðustu árum gefið út mikið og fjölbreytt efni fyrir börn á þessum aldri og er það notað í starfinu. Það sem

haft er að leiðarljósi í fræðslunni er að kynna innihald kristinnar trúar fyrir börnunum og dýpka þau áhrif sem trúin getur haft á trúar- og siðgæðisþroska þeirra. Börnin læra bænir, heyra helstu sögur Biblíunnar og velta fyrir sér þeim siðferðisboðskap sem í þeim býr. Á þessum aldri eru börn líka mjög móttækileg fyrir hlutbundinni kennslu og því er mikið unnið með sögurnar sem börnin hlusta á bæði í gegnum söng, leik og leikrit. Ríkur þáttur starfsins felst jafnframt í að styrkja sjálfsmynd barnanna og kynna þeim Guðsmynd sem er kærleiksrík og umvefjandi. Það er því oft einstaklega glatt á hjalla í Kirkjukrókkum.

Almenn ánægja hefur verið með þetta samstarf kirkju og skóla og hafa Kirkjukrakkar verið vel sóttir í báðum skólum síðastliðin ár og það sem af er vetri. Umsjón með starfinu hefur Arndís G. Bernhardsdóttir Linn guðfræðingur.



Kátína og ljúf gleði er ríkjandi hjá kirkjukrókkum.

Fræðslu- og skemmtiferð tilvonandi fermingarbarna í Mosfellsprestakalli í Vatnaskóg hefur verið fastur liður í fermingarundirbúningunni nokkur undanfarin ár. Tilgangurinn er að efla kynni og samstöðu innan hópsins samhliða fræðslu um trúarleg efni sem auðvelt er að tengja svo fallegum og söguríkum stað sem Vatnaskógi.

Þegar undirbúningur fermingarfræðslunnar hefst á hverju hausti er bréf sent tilvonandi fermingarbörnum og foreldrum þeirra þar sem ferðin er kynnt og hvað hafa beri í huga þannig að hún komi að sem bestu gagni. Foreldrum er einnig boðið að taka þátt í ferðinni sem sjálf-



Úr fræðslustund í Vatnaskógi.

Náms- og skemmtiferð í Vatnaskóg

boðaliðar og ríkir mikil ánægja með jákvæða þáttöku foreldra í þessum efnunum.

Í ár var ferð nemenda úr Lágafellsskóla farin í október en ferð nemenda úr Varmárskóla var farin eftir að vinnslu þessa

má gera því skóna að stofnun búdanna hafi að einhverju eða jafnvel verulegu leyti verið stjórnað úr Mosfellssveit.

Í ferðunum í Vatnaskóg fá nemandur í fermingarfræðslu kennslu um biblíuna,

prestar og starfsmenn Mosfellsprestakalls ásamt starfsmönnum sumarbúdanna.

Lagt er af stað klukkan átta á mánudagsmorgni og ekið sem leið liggur upp í Hvalfjörð. Við komuna er börnunum skipað í hópa og síðan er kennt fram að hádegi. Í Vatnaskógi er lítil kapella þar sem börnunum er kennt að átta sig á ýmsum helgum táknum kirkjunnar. Einnig fer fram kynning á Hallgrími Péturssyni sálmaskáldi sem á sínum tíma þjónaði prestakallinu sem Vatnaskógur heyrir undir.

Eftir hádegi á mánudeginum er frjáls tími sem hægt er að nýta á ýmsa lund, svo sem til íþróttaiðkunar og leikja, en myndarlegt og vel búið íþróttahús er að finna í sumarbúðunum í Vatnaskógi. Síðdegis er kennslu haldið áfram en síðan hefst undirbúningur fyrir kvöldvöku sem alltaf er haldin á mánudagskvöldinu.

Eftir morgunverð á þriðjudeginum er búið undir helgistund sem er síðasta atriði á dagskrá náms- og skemmtiferðarinnar í Vatnaskóg. Hún er haldin í Saurbæjarkirkju, sem helguð er minningu Hallgríms Péturssonar og kölluð Hallgrímiskirkja. Að helgistundinni lokinni er haldið heim í Mosfellsbæ á ný og komið þangað síðdegis, reynslunni ríkari.



Hvildarstundir geta líka verið uppbyggjar.

blaðs lauk. Frásögnin að þessu sinni og myndir sem fylgja miðast því við ferðina sem farin var í október.

Í framhjáhlupi er gaman að geta þess að búiðir KFUM í Vatnaskógi voru stofnaðar 1923, ekki síst að undirlagi sr. Friðriks Friðrikssonar, sem einmitt þjónaði Mosfellsprestakalli 1922-1923. Þannig

uppbyggingu hennar og innihald og fleira sem snertir ytri tákni kristinnar trúar. Einnig er fræðslustund um sjálfsmyndina og mannleg samskipti, um kirkjuna sem byggingu og börnin fá að tjá hugmyndir um altarisöflu með eigin teikningum. Ýmislegt fleira er gert til fræðslu og skemmtunar.

Um fræðslu og umönnun þar efra sjá

Nærri 300 þúsund krónur

Kvöld eitt snemma í nóvember gengu tilvonandi fermingarbörn í hús og söfnuðu framlagi til hjálpar átaksverkefni í Afríku. Alls tóku 75 börn þátt í þessari söfnun og þegar talið var upp úr baukunum kom í ljós að þau höfðu safnað 290.000. kr.

Vikunni áður höfðu fermingarbörnin fræðst um aðstæður í fátækum löndum Afríku, sérstaklega um skort á hreinu vatni. Þau fengu að heyra um árangur af verkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar að kenna Afríkönnum hvernig hægt er að safna rigningarvatni og grafa brunna og afla sér þannig hreins vatns sem gjörbreytir lífi þeirra.



Fimmtu Orgeljólin í Lágafellskirkju

Þegar Douglas Brotchie organisti settist að í Mosfellsbæ innleiddi hann þá hefð að halda tónleika í Lágafellskirkju á aðventunni og kallaði Orgeljól. Að þessu sinni verða Orgeljólin 16. desember kl. 20.

Nú eins og áður verður meiripartur orgeltónlistar eftir Johann Sebastian Bach. Nokkur af verkunum eru vinsæl og flutt á hverju ári en einnig er alltaf að finna eitthvert nýmæli. Nú verður flutt, líklega í fyrsta skipti hér á landi, stutt verk frá unglingsárum Bachs sem fannst tiltölulega nýlega.

Einar Clausen tenórsöngvari mun einnig koma fram, í fyrsta skipti á Orgeljólum í Lágafellskirkju. Hann syngur meðal annars texta sem Bach notaði sem yrkisefni í tónlist sinni fyrir orgel, og tengir þannig saman organleik og söng.

Aðgangur er ókeypis enda Orgeljól styrkt af menningarmálanefnd bæjarins.



Tvennir styrktartónleikar

Kirkjukór Lágafellssóknar hélt sína árlegu styrktartónleika, Jólaljós, í Guðríðarkirkju 21. nóvember síðast liðinn. Tónleikarnir voru að vanda stjórnnum prýddir og allur aðgangseyrir rann til styrktar Rebekku Allwood, sem fyrir 8 árum lenti í alvarlegu umferðarslysi sem hún er enn að berjast við afleiðingarnar af.

Mánuði fyrr hafði kórinn haldið aðra styrktartónleika og þá í Lágafellsskóla, til styrktar Ásgarði, vernduðum vinnustað með aðsetur að Álafossi. Þar gengu til liðs við kórinn kórar Fríkirknanna í Hafnarfirði og Reykjavík. Eins og sjá má á myndinni hér til hliðar voru tónleikar þessir hin besta skemmtun.



Diddú og drengirnir á Mosfelli

Sigrún Hjálmtýsdóttir ásamt bláasarasextett, í daglegu tali Diddú og drengirnir, halda sína árlegu aðventutónleika í Mosfellskirkju þriðjudaginn 7. desember 2009, kl. 20.30.

Aðventutónleikar Diddúar og drengjanna eru sérstakur viðburður í menningarlífi Mosfellsbæjar, nú haldnir þrettánda árið í röð. Frá upphafi hafa verið frumfluttar umskriftir á klassískum verkum fyrir bláasarasextett og sópran, en þetta er ekki algeng samsetning hljóðfæra og raddar.

Efnisskráin nú er með hefðbundnum hætti, klassískir tónar og jólalög.

Hljóðfæraleikarar eru Sigurður Ingvi Snorrason og Kjartan Óskarsson, sem leika á klarinettur, Emil Friðfinnsson og Þorkell Jólsson sem leika á horn og á fagott leika Brjánn Inga-son og Björn Árnason.

Bæjarlistamaður stígur í stólinn

Aðventukvöld verður haldið í Lágafellskirkju sunnudaginn 5. desember kl. 20. Ræðumaður verður Jón Kalman Stefánsson bæjarlistamaður en auk þess verða fjölbreytt tónlistaratriði að vanda. Kirkjukór Lágafellssóknar kemur fram ásamt stjórnanda sínum Arnhildi Valgarðsdóttur og einnig Skólakór Varmárskóla undir stjórn Guðmundar Ómars Óskarssonar og einsöngvaramir Hanna Björk Guðjónsdóttir, Stefán Helgi Stefánsson og Inga Backmann. Hjörleifur Valsson og Ágústa Dómhildur Karlsdóttir leika á fiðlu en Sveinn Birgisson á trompet. – Myndin er frá aðventukvöldi 2008.



Myndarleg heimasiða

Lágafellssókn hefur komið sér upp myndarlegri heimasíðu, www.lagafellskirkja.is, þar sem hægt er að fylgjast með því sem er að gerast í sókninni á hverjum tíma.

Á heimasíðunni er hægt að lesa sér til um helstu símanúmer og heimilisföng, svo og um prestana og starfsfólk safnaðarins. Upplýsingar um helgihaldið eru á sínum stað og um safnaðarstarfið í heild, en það er bæði fjölbreytt og yfirgripsmikið.

Þarna gefur líka að líta fjölmargar ljósmyndir úr safnaðarstarfinu sem gaman er að skoða og líklegt að margur þekki þar sjálfan sig eða aðra kunnuga. Hægt er að fletta upp í gömlum safnaðarbréfum og lesa sér til um sögu kirkjuhúsanna tveggja í sókninni.

Þá er einnig hægt að kaupa minningarkort í gegnum heimasíðuna. Hver og einn ræður því sjálfur hve háa upphæð hann vill gefa til minningar um genginn vin, en sú upphæð rennur í kirkjubyggingarsjóð merkt hinum látna.



„Gríptu daginn“ – í kyrrð

Kyrrðarstund á aðventu í Mosfellskirkju

Íhugun - kyrrð - útivera

Í fallegu umhverfi og kirkju
í dal skáldanna, Mosfellsdal

Laugardaginn 4. og 11. desember kl. 9-11

Við hefjum stundina í morgunrökkriinu með kristinni íhugun. Göngum síðan út í birtu dagsins og tökum stutta gönguferð í dalnum. Heitt kakó í lok samveru.

Umsjón: sr. Ragnheiður Jónsdóttir
og Sigurbjörg Þorgrímsdóttir, djáknaandídat

Allir velkomnir

Mosfellsprestakall

Sjá nánar á www.lagafellskirkja.is

Safnaðarheimilið er í Þverholti 3. Símar: 566 7113 og 566 8028

Skrifstofa sr. Ragnheiðar Jónsdóttur er í safnaðarheimilinu á 3. hæð Sínaviðtalstími hennar er þriðjudaga til föstudaga kl. 11–12. Fax: 566 7223, farsími 869 9882. Netfang: ragnheidur.jonsdottir@kirkjan.is

Skrifstofa sr. Skírnis Gardarssonar er á annarri hæð. Sínaviðtalstími hans er mánudaga til fimmtudaga kl. 12-13. Farsími: 823 8274, netfang: skirnir.gardarsson@kirkjan.is

Skrifstofa Fjólu Haraldsdóttur djákna er á annarri hæð. Viðtalstími er eftir samkomulagi. Farsími: 861 3565, netfang fjolaha@visir.is

Arnildur Valgarðsdóttir er organisti safnaðarins. Heimasími: 566 6796. Farsími: 698 7154. Netfang: arnildurv@simnet.is

Skrifstofa Hreiðars Arnars Zoëga Stefánssonar framkvæmdastjóra er á annarri hæð. Farsími: 896 8936. Netfang: hreidar@kirkjan.is

Meðhjálpari/kirkjuvörður:
Arndís Linn, farsími 866 8947, netfang: arndis.linn@kirkjan.is. Skrifstofa Arndísar er á annarri hæð.

Húsmóðir í safnaðarheimili er Sigríður Pétursdóttir.

Hilmar Sigurðsson er formaður sóknarnefndar. Símanúmer: 566 6701.



Helgihald í Mosfellsprestakalli

desember 2010 til mars 2011

28. nóvember, 1. sd. í aðventu

Mosfellskirkja kl.11.00
Kvennakórinn Heklurnar.
Einsöngur: Björk Jónsdóttir
Prestur: Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

5. desember, 2. sd. í aðventu

Lágafellskirkja kl.20.00 aðventukvöld
Einsöngur: Hanna Björk Guðjónsdóttir, Stefán
Helgi Stefánsson, Inga Backman. Fiðla:
Hjörleifur Valsson, Ágústa Dómhildur
Karlsdóttir. Trompet: Sveinn Birgisson Skólakór
Varmárskóla, stjórnandi Guðmundur Ómar
Óskarsson. Kirkjukór Lágafellssóknar, organisti
Arnhildur Valgarðsdóttir. Ræðumaður: Jón
Kalman Stefánsson, bæjarlistamaður

12. desember, 3. sd. í aðventu.

Lágafellskirkja kl.14.00 Jólástund barnastarfsins
Barnakórinn, stjórnandi Berglind Björgúlfssdóttir
Umsjón: Hreiðar Örn, Arnildur og Arndís Linn

19. desember, 4. sd. í aðventu

Lágafellskirkja kl. 11.00
Bæna- og skírnarguðsþjónusta
Einsöngur: Valgerður Guðrún Halldórsdóttir
Prestur: Sr. Skírnir Garðarsson

24. desember aðfangadagur

Lágafellskirkja:
Barnaguðsþjónusta kl.13.00
Einsöngur: Sigríður Birna Ingimundardóttir
Prestur: Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

Aftansöngur kl. 18.00
Einsöngur: Dísella Lárusdóttir
Prestur: Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

Miðnæturguðsþjónusta kl. 23.30
Þverflauta: Kristjana Helgadóttir
Prestur: Sr. Skírnir Garðarsson

25. desember, jóladagur

Lágafellskirkja kl. 14.00
Hátíðarguðsþjónusta
Diddú, Þorkell og dæturnar
Prestur: Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

Mosfellskirkja kl. 16.00

Hátíðarguðsþjónusta
Diddú, Þorkell og dæturnar
Prestur: Sr. Skírnir Garðarsson

26. desember, annar í jólum

Lágafellskirkja kl. 11.00
Bæna- og skírnarguðsþjónusta
Fiðla: Ágústa Dómhildur Karlsdóttir
Prestur: Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

31. desember, gamlárskvöld

Lágafellskirkja kl. 18.00, aftansöngur
Einsöngur: Arnþrúður Ösp Karlsdóttir
og Jón Magnús Jónsson frá Reykjum
Trompet: Kristjón Daðason
Prestur: Sr. Skírnir Garðarsson

2. janúar, bæna- skírnarguðsþjónusta

Lágafellskirkja kl. 11.00
Prestur: Sr. Skírnir Garðarsson

9. janúar, guðsþjónusta

Lágafell kl. 11.00
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

16. janúar, fjölskylduguðsþjónusta

Lágafellskirkja kl. 11.00
Prestur: Sr. Skírnir Garðarsson

23. janúar, Taize-guðsþjónusta

Lágafellskirkja kl. 20.00
Prestur: Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

30. janúar, guðsþjónusta

Mosfellskirkja kl. 11.00
Kór leikskólakennara
stjórnandi Heiða Árnadóttir
Prestur: Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

6. febrúar, guðsþjónusta

Lágafellskirkja kl. 11.00
Prestur: Sr. Skírnir Garðarsson

13. febrúar, guðsþjónusta

Lágafellskirkja kl. 11.00
Reykjalundarkórinn, stjórnandi Íris Erlingsdóttir
Prestur: Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

20. febrúar, Taize-guðsþjónusta

Lágafellskirkja kl. 20.00
Prestur: Sr. Skírnir Garðarsson

27. febrúar, guðsþjónusta

Mosfellskirkja kl. 11.00
Sr. Skírnir Garðarsson

6. mars, æskulýðsdagurinn

Nánar auglýst síðar.

13. mars, guðsþjónusta

Lágafellskirkja kl. 11.00
Prestur: Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

20. mars, guðsþjónusta

Lágafellskirkja kl. 11.00
Prestur: Sr. Skírnir Garðarsson

.